

1237. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 23. nóvember 2022, kl. 17:00 í Kringlunni 7 á 0. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund voru: Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Þórir Hilmarsson og Arnþór Sigurðsson varamaður í stjórn.

Fjarverandi voru: Fríða Thoroddsen og Jón Steinar Brynjarsson.

Gestur fundarins var Viðar Ingason, hagfræðingur VR.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, setti fund og bauð fundarfólk velkomið.

Ragnar Þór fór yfir að boðað hafi verið til fundarins til að ræða stöðuna í kjaraviðræðum við Samtök atvinnulífsins í kjölfar tillkynningar Seðlabanka Íslands í morgun [23. nóvember 2022] um hækkun stýrivaxta um 25 punkta en stýrivextir eru nú 6%.

Ragnar Þór fór því næst yfir stöðuna eins og hún blasi við nú. Hann sagði að nokkur skriður hafi verið kominn á kjaraviðræður sem eru haldnar í húsakynnum ríkissáttasemjara í kjölfar þess að VR/LÍV og SGS vísuðu deilunni þangað. Hann sagðist hafa skynjað að SA vildi freista þess að gera atögu að nýjum kjarasamningi. Aðilar hafi m.a. verið að skoða mögulega hvata fyrir atvinnulífið að halda aftur af verðhækkunum.

Ragnar Þór benti á að fyrirtækin hafi stórgrætt á verðbólgu síðustu missera, atvinnulífinu hafi sjaldan gengið eins vel. Fyrirtæki í landinu hafi hagnast um 450 ma.kr. í fyrra og árið í ár líti jafnvel betur út. Mikill hagnaður sé í fjármálakerfinu, vaxtatekjur bankanna á fyrstu níu mánuðum ársins 2021 hafi verið um 72 ma.kr. en eru í ár um 90 ma.kr. á sama tímabili.

Ragnar Þór sagði nú til umræðu á þessum fundi möguleg heimild samninganefndar til formanns að lýsa yfir árangursleysi viðræðna, komi SA ekki með tilboð á fundi sem fyrirhugaður sé [á morgun] að morgni 24. nóvember, sem komi til móts við þá stöðu sem nú er uppi.

Umræður.

Arnþór Sigurðsson fór af fundi kl. 17:55.

Fyrir fundinn er lögð tillaga um að formaður fái heimild til að lýsa yfir árangursleysi kjaraviðræðna, komi Samtök atvinnulífsins ekki með viðunandi tilboð til lausnar deilunni á fyrirhuguðum fundi aðila þann 24. nóvember 2022.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:20

